

um þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í yfirdómi og ákveðst hann 25 kr.

Það er aðfinsluvert, að eigi sést á dómsgjörðunum hvort tekin hefir verið lögmælt borgun fyrir staðfestingu og innsíglun þeirra. Að öðru leyti vottast, að málfærslan í héraði hefir, að því leyti sem málið var rekið þar með gjafsókn, verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur, og ber dómáranum að leggja dóm á málið að efni til.

Stefndi Halldór Kr. Júlíusson sýslumaður greiði áfrýjanda, Valdemar kand. Thorarensen 25 kr. í málskostnað í yfirdómi.

Málskostnaðinn ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maímánaðar 1918.

Nr. 85/1917.

Sigurður Sigurðsson  
 gegn  
 Gísla Gíslasyni.

D ó m u r :

Gisli Gíslason bóndi á Litla Lambhaga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu höfðaði mál þetta

fyrir landamerkjapómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gegn áfrýjanda Sigurði hreppstjóra Sigurðssyni bónda á Stóra Lambhaga í sama hreppi til þess að fá viðurkendan rétt eignarjarðar sinnar, Litla Lambhaga til veiði í Laxá fyrir Stóra Lambhaga landi frá svo nefndri Grænurúst ofan að Hömrum, svo og til að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða sér 380 kr., er stefndi taldi að sér bæri af leigugjaldi fyrir veiði í Laxá, er áfrýjandi hefði veitt móttöku en ekki greitt sér. Lauk málinu svo fyrir merkjadóminum 26. júní f. á., að eiganda Litla Lambhaga var dæmdur veiðiréttur í Laxá á umgetnu svæði, en að öðru leyti var áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnanda. Hvor málsaðila var dæmdur til að greiða merkjadómendum 15 kr., en að öðru leyti féll málskostnaður niður.

Dómi þessum hefir Sigurður hreppstjóri Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 17. okt. f. á. og krafist þess að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim aftur og stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kostnað málsins fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir hreyft því að mál þetta hefði átt að höfða fyrir hinum reglulega rétti sem eignarþrætumál, en þar sem hér er ágreiningur um ítak milli tveggja jarða, verður að telja mál þetta rétt höfðað fyrir merkjadómi samkv. 7. gr. landamerkjagala 17. marz 1882.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi sumpart

á því, að oddviti merkjadómsins hafi vanrækt að veita áfrýjanda leiðbeiningu til þess að upplýsa málstað sinn, sumpart á því, að merkjadómarinn hafi gerst sekur um þingsafglöpun, með því að sleppa hinni lögboðnu áreið. Auk þess heldur hann því fram, að merkjadóminn beri að ómerkja sökum lögleysu að efni til.

Um hina fyrstu ómerkingaástaðu er þess að geta, að hinn fyrsta fyrirtektardag málsins fékk áfrýjandi 6 vikna frest til andsvara; við næstu fyrirtekt málsins lagði hann ekki annað fram í málinu en vottorð Hallgerðar nokkurrar Sigurðardóttur, en að öðru leyti hefir oddviti merkjadómsins bókað ítarlega varnarástæður áfrýjanda og mótmæli hans gegn sókninni, en með þessu verður að telja að dómarinn hafi gegnt leiðbeiningarskyldu sinni við áfrýjanda, þótt hann hafi ekki sérstaklega bent honum á að taka frest til að fá staðfest fyrir rétti umgetið vottorð Hallgerðar Sigurðardóttur, sem vefengt var af stefnanda, enda virðist vottorð þetta eitt út af fyrir sig ekki geta haft úrslitaáhrif á málið. Þessi ómerkingarástæða verður því ekki tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu landamerkjadómsins fyrir þá sök, að engin áreið eða merkjaganga fór fram, verður heldur eigi tekin til greina, með því að henni var slept eftir ósk beggja málsaðila, og var þess utan óþörf og tilgangslaus, þar sem landamerkjauppráttur var lagður fram og enginn ágreiningur um örnefni, landamerki, landshagi eða landsnyttjar, er athuga þyrfti með áreið, en ágrein-

ingurinn snýst eingöngu um gildi framlagðra landamerkjabréfa að því er umþráttaðan veiðirétt snertir.

Að því er aðalefni málsins snertir, byggir stefndi rétt sinn á því, að í merkjabréfi Litla Lambhaga dags. 18. marz 1886 stendur: »Veiðiréttarnotkun fylgir öll Litla Lambhaga í Laxá frá Grænurúst með landi fram alveg ofan að hörurum«, og skýrir stefndi svo frá, að eignar og ábýlisjörð hans Litli Lambhagi og nágrannajörðin Stóri Lambhagi hafi átt saman óskift beitiland og veiði þangað til vorið 1886, en þá hafi farið fram skifti á landinu og merkjaskrár verið gerðar og undirritaðar af aðilum beggja jarðanna. Er merkjabréf Litla Lambhaga dags. 18. marz 1886, en Stóra Lambhaga 18. maí s. á. og voru merkjabréf beggja jarðanna þinglesin á manntalsþingi hreppsins 9. júní 1887. Segir stefndi að við umgetin skifti hafi Litli Lambhagi fengið tiltölulega litit land meðfram Laxá, er rennur fram með löndum beggja jarðanna, en til að bæta Litla Lambhaga þetta upp hafi svo verið ákveðið, að Litli Lambhagi skyldi eiga alla veiði í Laxá fyrir Stóra Lambhaga landi frá Grænurúst ofan að Hömrum, svo sem tekið er fram í merkjabréfi Litla Lambhaga.

Hins vegar hafi Stóra-Lambhaga verið áskilinn veiðiréttur í Eiðisvatni í Litla-Lambhagalandi að hálfu við þá jörð. Telur stefndi að landamerkjabréf Litla-Lambhaga sé fullgild sönnun fyrir því, að hinn umþráttaði veiðiréttur tilheyri eignarjörð hans. — Áfrýjandi heldur því hinsvegar fram að svo hafi verið umsamið milli ábúenda Stóra- og Litla-Lambhaga, að veiðiréttarnotkunin skyldi aðeins fylgja Litla-Lamb-

haga meðan ábúendur væru hinir sömu og undir merkjabréfin rituðu, en falla burtu eftir það, og hefir hann lagt fram í málinu vottorð þessu til stuðnings. Ennfremur styður hann þessa staðhæfingu sína með því, að ábúandi Litla-Lambhaga hafi sýnt það í framkvæmdinni, að hann mat ákvæðið um veiðiréttinn í merkjabréfi sínu ógilt, með því að árið 1907 hafi eigendur Lambhaganna selt útlendingum laxveiðina í ánni á leigu um nokkurra ára bil, þannig að eigandi Stóra-Lambhaga hafi áskilið sér 240 kr. í ársleigu en eigandi Litla-Lambhaga hafi aðeins sett upp 50 kr. í sinn hlut. Ef eigandi Litla-Lambhaga hefði talið sig eiga alla veiði í Laxá frá Grænurúst til sjávar, þá hefði verið óhugsandi að hann hefði látið sér lynda að fá ekki nema rúman sjöttung veiðileigunnar, en sú upphæð væri nærri lagi, þegar gert væri ráð fyrir að Litli Lambhagi eigi aðeins veiði upp að Stóra-Lambhagamerkjum. Loks bendir hann á, að ef það væri rétt sem stefndi heldur fram, að Lambhagarnir hafi alt þangað til 1886, er landamerkjaskrárnar voru gerðar, haft óskift beutiland og veiði í Laxá, þá hafi ábúandi Stóra Lambhaga, sá sem var 1886, ráðist í að gera það, sem hann brast alla heimild til, að gera skifti á sameign landsdrottins síns ög annars jarðeiganda, svo framarlega sem ekki verði sannað að hann hafi samþykkt gerðir ábúandans. Þetta hafi stefndi ekki sannað, þvert á móti megi ætla að slíkt samþykki hafi ekki fengist, þar sem ekkert sé um veiðitak Litla-Lambhaga getið í merkjabréfi Stóra-Lambhaga, sem þó var gert 2 mánuðum síðar. Af framangreindum ástæðum sé það því lögleysa í merkja-

dóminum að byggja eins mikið á merkjaskrá Litla-Lambhaga sem gert var.

Skýrsla stefnda um það, að Lambhagarnir hafi haft alt til 1886 óskift beutiland og veiði í Laxá, og að veiðirétturinn í Laxá á hinu umpráttaða svæði hafi verið lagður til Litla Lambhaga í notum þess, að sú jörð hafi fengið tiltölulega lítið land meðfram eða að Laxá hefir ekki verið vefengd. Þar sem nú áfrýjandi hefir ekki mótmælt skiftum þeim á landi og landsnytjum jarðanna, er þá voru gerð, í heild sinni, verður það ekki talin lögleysa af merkjadóminum að leggja merkjaskrá Litla Lambhaga til grundvallar við úrslit ágreinings þess, er hér liggur fyrir, með því að áfrýjandi getur ekki mótmælt einstöku atriði í merkjasetningu þeirri, er fram fór 1886. Það verður heldur eigi álitíð, að ákvæði Litla Lambhaga-brélsins um veiðiréttinn missi gildi sitt eða verði ónýtt fyrir þá sök, að ítaksins er ekki getið í bréfi Stóra-Lambhaga. Það atriði að ítaksréttur Stóra Lambhaga í veiði í Eiðisvatni er heldur ekki getið í merkjabréfi Litla Lambhaga virðist og benda ótvírátt á það, að það hafi ekki verið meining málsaðila að fella úr gildi fyrra bréfið (Litla Lambhaga) eða neitt ákvæði þess, heldur hafi verið talið nægilegt að geta ítakanna í bréfi þeirrar jarðar, er ítaksréttinn átti að fá. Það er heldur eigi sannað af áfrýjanda, að meining ábúendanna, er undir merkjabréfin rituðu, hafi verið sú, að umpráttaður veiðiréttur skyldi aðeins fylgja Litla Lambhaga meðan sömu ábúendur væru í Lambhögunum, og er þá ekki heimild til fyr-

ir þá sök að vikja frá beinum og ótviræðum orðum í Litla Lambhagabréfinu um þetta.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjanda landamerkjadóm, að því er snertir ákvæði hans um veiðiréttinn, en með því að dómurinn var ekki bær um að dæma um 380 króna leigugjaldskröfu stefnda verður að fella úr gildi sýknuákvæði dómsins og vísa áminstri kröfu frá merkjadóminum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði dómsins ómerkist og visast leigugjaldskröfunni frá landamerkjadómnum. Að öðru leyti staðfestist téður dómur. Áfrýjandi Sigurður Sigurðsson greiði stefnda Gísla Gíslasyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. maí 1918.

Nr. 16/1918.

Réttvisin

gegn

Jónatan Jónssyni.